



Reykjavík 22. janúar 2021

Varðar: Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis í 12 ár.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er svæðið skilgreint sem I2/H6/E5 Álfsnes, hafnar- og iðnaðarsvæði. Núverandi skotsvæði á Álfsnesi. Frá upphafi hefur umrætt svæði alltaf verið ráðgert til tímabundinna afnota, en en skv. gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Jafnframt er gert yrði ráð fyrir hafnaraðstöðu við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingum og varnargörðum.

Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár og hafa íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi þeirra ábendinga sem borist hafa og þeirrar óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s. opnunartíma og notkun á blýhöggjum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrri skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.



Núverandi aðstæður skotsvæðisins á Álfsnesi, mynd tekin 2020.

Nýtt skotsvæði á nýjum stað yrði að byggjast upp sem framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir þau skotfélög sem eru með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Á nýjum stað þyrfti að setja viðeigandi skilyrði og takmarkanir á notkun svæðisins og þeirri starfsemi sem þar fer fram til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni. Jafnframt þyrftu allar öryggisreglur innan skotsvæðisins að uppfylla alþjóðlega staðla um öryggissvæði skotsvæða. Fyrirnefnda umhverfispætti þarf að skoða vel þegar metnar eru nýjar tillögur að staðsetningu sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu. Forsenda fyrir staðarvaliyrðu m.a. skoðuð út frá eftirfarandi umhverfispáttum: Hljóðvist, landslagi og sjónrænum þáttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds þá er ekki mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum sem fjölluðu um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljóttast ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðar riftun á tímabundnu starfsleyfi.

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Ólafur Melsted.**